

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Eyjafjarðarsveit.

Samkomugerði 1, deiliskipulag frístundabyggðar.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum 2. febrúar 2023 deiliskipulag fyrir frístundabyggð í landi Samkomugerðis 1 skv. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í deiliskipulaginu felst að heimilaðar eru 2 frístundalóðir í frístundabyggðinni F17 í landi Samkomugerðis 1.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 40., 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. Eyjafjarðarsveitar, 17. október 2023,

Sigríður Kristjánsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 31. október 2023